



Alþingi  
Nefnda- og greiningarsvið  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2024  
Tilvísun: 2403029 / 0.1.11

Efni: Til umsagnar - Mál nr. 688 - Tillaga til þingsályktunar um varðveislu íslenskra danslistaverka

Erindi barst frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis þann 22. febrúar 2024 þar sem leitast var eftir umsögn Leikminjasafns varðandi 688. mál og vill safnið koma eftirfarandi ábendingum á framfæri í tengslum við þingsályktunartillögu um varðveislu íslenskra danslistaverka.

Í tillögnum koma fram áhyggjur um varðveislu og utanumhald á íslenski danslist. Áhyggjurnar eru réttmætar en einnig bera að nefna að þessi vandi einskorðast ekki við danslistina á Íslandi heldur íslenskar sviðlistir í heild sinni, þá sérstaklega sviðslistir sem skapaðar eru utan stærri stofnana, s.s. Þjóðleikhússins og Borgarleikhússins.


Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn sinnir söfnun, varðveislu, skráningu, miðlun og rannsóknnum samkvæmt lögum nr. 142/2011 og falla sviðslistir þar undir. Þegar kemur að varðveislu á sviðslistagögnum hefur Leikminjasafnið markvisst sinnt þessu hlutverki síðan Samtök um leikminjasafn voru stofnuð árið 2001, fyrst sem félagasamtök, og nú sem sérsafn með einum starfsmanni innan Landsbókasafns frá árinu 2021.

Leikminjasafn tekur á móti, skrásetur og varðveitir fjölbreytt gögn sem tengjast íslenskum sviðslistum, þ. á m. handrit, ljósmyndir, teikningar, upptökur, veggspjöld, bæklinga og leikskrár. Danslistin og gögn sem tengjast listforminu falla vel innan þeirra verkferla sem safnið hefur þróað síðastliðin þrjú ár.

Einnig varðveitir Leikminjasafnið mynd- og hljóðupptökur sem tengjast sviðslistum og unnið er að því að koma þeim yfir á stafrænt form til varðveislu og miðlunar. Þar á meðal eru upptökur af dansverkum Íslenska dansflokksins á meðan flokkurinn starfaði innan Þjóðleikhússins, bæði uppsetningar atvinnudansara og nemendasýningar. Gögn af þessu tagi, þ.e. stafræn, eru skrásett og varðveitt samkvæmt verkferlum Landsbókasafns um stafrænt efni.

Af ofansögðu er ljóst að Leikminjasafn, innan Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, sinnir söfnun, skráningu, varðveislu, miðlun, fræðslu og rannsóknnum á íslenskum sviðslistum eitt og sér og í samstarfi við tengda aðila. Mikilvægt er að aðkoma og þátttaka Leikminjasafns varðandi varðveislustefnu sviðslista sé tryggð.

  
Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir  
Landsbókavörður

  
Sigríður Jónsdóttir  
sérfræðingur - Leikminjasafn